



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 26. fundur aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 20.01.2015  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 17:00

#### Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Hafsteinn Jónasson, stjórn körfuboltadeildar
Tinna Björk , formaður sunddeildar	Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn
Anna Dís Jónsdóttir, formaður fimleikadeildar	
Árni Ólason, formaður fótboltadeildar	
Svava Þórey Einarasdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar	

#### Fjarverandi:

Elfa Sigurðardóttir, formaður Taekwondo	Michal Janicek, formaður Tennis og badmintondeildar
Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn	Guðgeir Sigurjónsson, formaður Blakdeildar
Þórhallur Harðarsson, formaður körfuboltadeildar	

### 2. Markmið fundar

Yfirferð yfir nokkur mál og samþykkt lista vegna styrks í þreki.

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Staða lána við deildir	Davíð	10
Stuðningsmannalag	Davíð	10
Ákvörðun vegna keppnisbúninga hjá Jako	Davíð	10
Aðgangur að þreki	Davíð	20
Önnur mál	Davíð	10



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 4. Helstu umræður

#### Staða lána við deildir

Farið yfir stöðu á útistandandi lánnum við körfuboltadeild og fimleikadeild.

Útistandandi lán við körfuboltadeild er 1,5 milljónir og óskar deildir eftir því að framlengja láni til 1 árs en með því fyrirkomulagi að sameiginlegir styrkir frá aðalstjórn séu ekki greiddir út á árinu heldur teknir til greiðslu lánsins. Staða deildarinnar er betri en hún hefur verið áður fyrir samkvæmt formanni deildarinnar. Samþykkt með öllum atkvæðum.

Útistandandi lán við fimleikadeild er 4 milljónir og óskar deildin eftir framlengingu á 2 milljónum til 1 árs. Greiðsla 2 milljóna verður framkvæmd strax til aðalstjórnar. Skriflegt erindi með útskýringum liggur fyrir aðalstjórn þar sem ástæður framlengingar á 2 milljónum er fjárfesting í lendingardýnu fyrir vormót fimleikasambandsins í máí n.k. Samþykkt með öllum atkvæðum.

#### Stuðningsmannalag Hattar

Fyrir fund liggur erindi frá Ragnari Láka um gerð stuðningsmannalags fyrir Hött. Laginu er ætlað að vera sameingarafli fyrir deildir og liðsmenn félagsins. Aðalstjórn tekur vel í erindið og fagnar framtakinu. Formanni falið að svara erindinu.

#### Keppnisbúningar Hattar hjá Jako

Fyrir fundinn liggja gögn um útlit á keppnisbúningum Hattar frá Jako samhliða nýjum samningum sem undirritaður var í lok síðasta árs vegna næstu þriggja ára. Búningarnir eru að mestu leiti notaðir af knattspyrnudeild og var ósk þeirra um val á búningi sem var með ljósgráum röndum þvert. Grunnlitur er hvítur og stuttbuxur svartar. Samræmist þetta lögum félagsins. Litið var til áherslna frá knattspyrnudeild í þessu máli og samþykkt stjórnin þetta val. Formanni falið að svara Jako og staðfesta við tengilið rekstrarfélags.

#### Aðgangur að þreki samkvæmt samningi við Fljótsdalshérað

Fyrir fundinn liggur samþykktur styrktarsamningur vegna aðstöðu í þreki fyrir afreksfólk Hattar. Á fundinn mættu Óðinn Gunnar og Karen Erla sem fóru yfir samninginn og tóku þátt í umræðum um val. Listi samþykktur með nöfnum frá 4 deildu, fimleikum, körfu, fótbolta og frjálsum. Nafnalista verður að senda á Karen Erlu ásamt æfingarprógrammi. Umræður um aldurstakmark og undaþágur undir handleiðslu þjálfara.

#### Önnur mál

Kristbjörg Jónasdóttir sem setið hefur í framkvæmdastjórn mun flytja frá Íslandi í febrúar og var þetta því síðasti fundur hennar í aðalstjórn Hattar. Er henni þakkað framlagið og verður henni sárt saknað í starfinu. Rétt kjörinn varamaður í framkvæmdastjórn er Lovísa Hreinsdóttir en hún gaf ekki kost á sér þar sem fyrirlág beiðni um að komast í framkvæmdastjórn frá Guðjóni Hilmarssyni. Var þetta samþykkt með öllum atkvæðum og Lovísa situr því áfram sem varamaður.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Rætt var um tíma í íþróttahúsi og þá umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum síðustu vikurnar. Framkvæmdastjórn mun vinna að skoðun varðandi kostnað á nýju fimleikahúsi og kynna til leiks innan skamms.

### 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Samþykktur listi yfir þá einstaklingar sem fá styrk í þreki.

### 6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Senda reikningsnúmer til fimleikadeildar	Davíð		30.jan
Svara erindi vegna stuðningsmannalags	Davíð		25. jan
Svara erindi vegna keppnisbúninga Hattar	Davíð		25. jan
Safna saman með þjálfurum deilda lista yfir einstaklingar í þreki	Davíð		25. jan

Fundi slitið Kl. 18:00

Davíð Þór Sigurðarson